

M-12/2008 Álit 23. apríl 2008

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 23. apríl 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-12/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, f.h. Y., um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni A hjá fyrirtækinu Z, en fyrirsvarsmaður félagsins er B. Álitsbeiðandi segir bifreiðina hafa vera gallaða og vill að seljandi greiði sér kostnað við viðgerð á gallanum sem hann telur hafa numið kr. 330.000 með dráttarvöxtum frá þeim degi að kæruneftndin gaf seljanda kost á að andmæla kröfum hans.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 6. mars sl., og var gefinn frestur til að skila þeim til 17. mars. Andsvör lögmans seljanda eru dags. 13. mars. Álitsbeiðanda var gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og fékk til þess frest til 30. mars. Engar athugasemdir bárust. Kæruneftndin óskaði frekari upplýsinga frá seljanda með bréfi, dags. 7. apríl, og bárust nefndinni svör 11. s.m. Með bréfi, dags. 14. apríl sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina, sem er af gerðinni E, árgerð 2003, 11. maí 2007, fyrir kr. 2.700.000. Hinn 29. júní hafi hann orðið var við bilun í bifreiðinni á akstri um Hvalfjörð sem hafi lýst sér í gangtruflunum og hvítum reyk. Hann hafi þá drepíð á bifreiðinni og látið draga hana á verkstæðið F í Reykjavík, sem kostað hafi kr. 34.440. Hægt hafi verið að taka bifreiðina til viðgerðar 5. júlí og komið hafi í ljós að heddþakning hafi gefið sig. Álitsbeiðninni fylgdi reikningur F að fjárhæð kr. 599.821. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi greiði 330.000 af þeim reikningi ásamt dráttarvöxtum frá þeim degi er seljandi hafi fengið tækifæri til andmæla kröfunni sem verið hafi þegar kæruneftndin gaf honum kost á andmælum. Álitsbeiðandi heldur því fram að bifreiðin hafi verið haldin leyndum galla í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Bifreiðin hafi verið nýleg, lítið ekin og kostað 2,7 milljónir króna. Álitsbeiðandi kveðst nokkrum sinnum hafa haft samband við seljanda sem ekki hafi viljað koma til móts við kröfur sínar.

Álitsbeiðninni fylgdi svohljóðandi vottorð F:

“Bifreiðin kom hingað 5/07/07. Við skoðun kom í ljós að heddþakningar voru farnar. Hedd voru tekin af og þrýstíprófuð, þau voru plönuð og þetta sett saman. Ástæðan fyrir

Því að þetta fór svona er líklega sú að vélin hafi hitnað óeðlilega mikið. Við drátt eða einhverjar aðrar ástæður sem orsakað hafi yfirhita. Erfitt er að segja til um hvort þetta hafi átt sé langan aðdraganda eða ekki. Yfirhitun vélar getur komið fram mörgum þúsundum kílómetra síðar.”

IV

Úr gögnum málsins

Samkvæmt ökutækjaskrá er bifreiðin í ökutækjaflokkinum Vörubifreið I (N2) og er með díselvél með slagrymið 5948. Sérheiti hennar er H. Bifreiðin var flutt inn notuð af fyrirtækinu G, forskráð 18. nóvember 2003 og nýskráð 22. desember s.á. Síðari daginn urðu eigendaskipti að bifreiðinni og eignaðist Z þá hana. Þann dag sýndi ökumælir 6.514 kílómetra. X varð eigandi bifreiðarinnar 11. maí 2007, Y 31. ágúst 2007 og L 3. september 2007. Samkvæmt kaupsamningi og afsali hafði bifreiðinni verið ekið 56.000 kílómetra þegar X eignast hana. L mun vera fjármögnunarfyrirtæki og samkvæmt eigendaferli ökutækjaskrárinnar er það fyrirtæki skráður eigandi. Verður engu að síður í álitinu þessu miðað við að Y hafi rétt til þess að óska álits kæruneftdarinnar.

Í gögnum málsins, s.s. afsali og kaupsamningi, kemur ekkert fram um það að bifreiðin hafi verið ástandsskoðuð áður en kaupin fóru fram. Aðalskoðun á bifreiðinni fór fram 20. febrúar 2006 og næst þar á eftir 21. maí 2007 eða eftir að hún komst í eigu X, sem var 11. maí eins og fyrr greinir.

Reikningur frá F, sem fylgdi álitsbeiðninni, er að fjárhæð kr. 599.821. Ýmsir liðir á reikningnum sýnast ekki varða viðgerð á „heddi“ bifreiðarinnar. Á reikningnum kemur fram að bifreiðinni hafi verið ekið 60.000 kílómetra þegar hún kom til viðgerðar hjá fyrirtækinu og samkvæmt því hafði henni verið ekið 4.000 kílómetra frá því að eigendaskiptin fóru fram 11. maí 2007.

V

Andsvör gagnaðila

Lögmaður seljanda bendir á það í andsvörum sínum að samkvæmt 13. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup flytjist áhætta af söluhlut til kaupanda þegar hann hafi verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða í samræmi við 6. eða 7. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laganna geti seljandi borið ábyrgð á svokölluðum leyndum göllum hafi slíkir gallar verið fyrir hendi á áhættuskiptatímanum. Sá sem haldi því fram að söluhlutur sé gallaður beri að sanna þær fullyrðingar sínar. Sú skylda verði ríkari eftir að galli á söluhlut komi fram eftir afhendingu hans og notkun kaupanda sé hafin. Þetta sé sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að sá galli sem álitsbeiðandi haldi fram að verið hafi á bifreiðinni hafi verið tengdur notkun hennar og komið í ljós eftir að notkun álitsbeiðanda hófst. Ekkert hafi komið í ljós sem bendi til þess að meintur galli hafi verið til staðar þegar bifreiðin var afhent. Í yfirlýsingu viðgerðaverkstæðisins komi fram að ástæða þess að heddpakkingin hafi gefið sig sé líklega sú að vélin hafi hitnað óeðlilega mikið, við drátt eða einhverjar aðrar ástæður sem til þess hafi leitt. Einnig komi fram að erfitt sé að segja til um hvort þetta hafi átt sé langan aðdraganda eða skamman en yfirhitun geti komið fram löngu eftir að hún hafi orðið. Þannig sé ljóst að orsök bilunarinnar gæti allt eins hafa komið til eftir afhendingu bifreiðarinnar og sé þar af leiðandi ekki á ábyrgð seljanda. Þar sem álitsbeiðandi haldi því fram að um leyndan galla hafi verið að ræða beri honum að sanna að svo hafi verið. Hann hafi hins vegar engin gögn lagt fram um það og

ekki tekist sú sönnun. Samkvæmt þessu öllu hafni seljandi alfarið öllum kröfum álitsbeiðanda.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfróðs aðila við afgreiðslu málsins, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í 17. gr. laga nr. 50/2000 er kveðið á um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Segir þar í 1. mgr. að söluhlutur skuli, m.a. hvað varðar gæði og aðra eiginleika, fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi. Í a-lið 2. mgr. sömu greinar segir að söluhlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Þá segir í 3. mgr. 17. gr. að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.

Í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2000 segir að við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skuli miða við það tímamark þegar áhættan af söluhlutum flyst yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir að áhættan flytjist yfir til kaupanda þegar hlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða ákvæði 6. og 7. gr. laganna, en í 2. mgr. 6. gr. segir að söluhlutur teljist afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku.

Í athugasemdum í frumvarpi til laga nr. 50/2000 segir m.a. um 1. mgr. 21. gr. að í henni felist að ákvörðun um það hvort hlutur teljist gallaður eða ekki skuli tekin með hliðsjón af ástandi hans á því tímamarki þegar áhættan af hlutum fluttist yfir til kaupanda sem þýðir að seljandinn ber ábyrgð á leyndum göllum sem kunna að vera á söluhlutum þótt þeir komi ekki í ljós fyrr en eftir afhendinguna og áhættuskiptin. Krafa álitsbeiðanda byggist á því að gallinn á bifreiðinni hafi verið fyrir hendi þegar hann fékk hana afhenta.

Þegar til þess er litið að bifreiðin var 4 ára og hafði verið ekið 60 þúsund kílómetra er það álit kærunefndarinnar að það sem að bifreiðinni var geti ekki talist eðlilegt slit á ekki eldri bifreið heldur sé um galla að ræða. Það er hins vegar óupplýst hvenær þessi galli á bifreiðinni varð í raun til og samkvæmt áliti hins sérfróða aðila sem kærunefndin leitaði til, sbr. og vottorð F, sem rakið er að framan, er útilokað að segja til um það. Byggja verður á því að gallinn hafi fyrst komið í ljós eftir að álitsbeiðandi hafði átt bifreiðina í tæpa tvo mánuði og þá skyndilega. Er þannig ekki hægt að gera ráð fyrir að seljandi hafi vitað eða mátt vita um gallann og óupplýst verður að telja, eins og atvikum og gögnum málsins er háttað, að umræddur galli hafi verið á bifreiðinni þegar álitsbeiðandi fékk hana afhenta. Verður álitsbeiðandi því að bera hallann af skorti á sönnun um þetta. Með vísan til þessa, og þeirra ákvæða laga nr. 50/2000 sem að framan eru rakin, telur kærunefndin ekki hægt að líta svo á að álitsbeiðandi eigi að lögum kröfu á hendur seljanda. Ber því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VII

Álitsorð

Hafnað er kröfu álitsbeiðanda, Y, á hendur seljanda, Z.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir